

41

19. júní

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánunum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

4. gr.

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burt.

Í þess stað komi: og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum.

5. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánunum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur að viðbættri ríkisábyrgð nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

42

19. júní

L Ö G

um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Meðalalýsi lýsi til manneldis, sem er unnið úr fisklifur, samkvæmt skilmerkingu viðurkenndrar lyfjaskrár (pharmacopoea).

Lýsisverkun hverskonar hreinsun á meðalalýsi, svo og aðskilnað á efnum þess, með eða án kælingar. 42

19. júní

Lýsismatsmaður hvern þann undirlýsismatsmann, sem lýtur yfirlýsismatsmanni

2. gr.

Hver, sem ætlar að vinna eða verka meðalalýsi til sölu innanlands eða til útlanda, skal sækja um leyfi til atvinnumálaráðuneytisins, áður en starfrækslan hefst, og hlíta fyrir mælum þess um meðferð lifrar og lýsis.

3. gr.

Meðalalýsisvinnsla og verkun meðalalýsis má aðeins fara fram í löggiltum vinnslustöðvum og verkunarstöðvum, hvort heldur er á sjó eða landi.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir lýsisvinnslustöðvar og lýsisverkunarstöðvar, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns, reglur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva. Nú fullnægir löggilt lýsisvinnslustöð eða lýsisverkunarstöð ekki lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingunni, og ber yfirlýsismatsmanni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum stöðvarinnar hæfilegan frest til þess að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins setta frests.

4. gr.

Allt meðalalýsi, sem er selt innanlands eða flutt á erlendan markað, skal vegið, metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af lýsismatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirlýsismatsmanns. Flokkun lýsisins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns og nokkurra helztu útflytjenda, reglur um rannsókn, flokkun, umbúðir og merkingu lýsisins og meðferð.

Meðalalýsissendingu til útlanda, sem er yfir 10 kg., skal fylgja vottorð um þunga, tegund og gæði lýsisins, eftir nánari ákvæðum ráðuneytisins, og skal vottorðið vera ritað á farmskírteinið fyrir sendingunni.

5. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga, einn yfirlýsismatsmann til að hafa umsjón með verkun og mati á meðalalýsi. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á öllu því, er lýtur að meðferð þess og flokkun.

Ráðuneytið setur, í samráði við Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga, yfirlýsismatsmanni reglur um störf hans.

Ekki má yfirlýsismatsmaður þiggja þóknun hjá þeim, sem eru riðnir við lýsisvinnslu eða útflutning, né heldur hafa með höndum sölu á lýsi til útlanda eða innanlands.

42

19. júní

Árleg laun yfirlýsismatsmanns skulu vera 2400 krónur.

Auk ferðakostnaðar eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirlýsismatsmaður fá kr. 4.00 í fæðispeninga á dag meðan hann er frá heimili sínu vegna starfa síns sem yfirlýsismatsmaður. Allur kostnaður, sem af starfsemi hans leiðir, greiðist úr rikissjóði.

Yfirlýsismatsmaður skal vera búsettur í Reykjavík eða grennd.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns.

Lýsismatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Ráðherra ákveður kaup lýsismatsmanna í samráði við yfirlýsismatsmann, og greiða þeir það, sem mats beiðast. Eigi mega lýsismatsmenn þiggja neina aukapóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega lýsismatsmanni endanlega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað.

7. gr.

Nú vinnur einhver meðalalýsi eða verkar það, eða flytur út meðalalýsi án þess að gæta fyrirmæla þessara laga, og varðar það sektum frá 50—5000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirlýsismatsmanns og lýsismatsmanna gegn ákvæðum laganna fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42 1917, um lýsismat.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.